

Kveikjum Neistann – Spretthópur

Spretthóp var ætlað að meta stöðu rannsóknarverkefnisins Kveikjum neistann, árangur þess og tækifæri og koma með tillögur að möguleikum í þróun verkefnisins í þágu barna hér á landi. Spretthópurinn hittist sex sinnum á tímabilinu 30. maí til 23. júní 2025.

Hópurinn var skipaður eftirfarandi einstaklingum:

- Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri Hamarsskóla í Vestmannaeyjum
- Einar Gunnarsson, skólastjóri Barnaskólans í Vestmannaeyjum
- Guðbjörg Rut Þórisdóttir, læsisfræðingur hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (hluti af vinnu í byrjun)
- Kristján Ketill Stefánsson, doktor í kennslufræðum hjá Háskóla Íslands
- Helga Sigrún Þórsdóttir, deildastjóri fræðslu- og uppeldissviðs í Vestmannaeyjum
- Ingunn Ásta Sigmundsdóttir, sérfræðingur í grunnskólamálum Reykjavíkurborgar
- Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja
- Tryggvi Hjaltason, formaður og fulltrúi ráðherra
- Þórdís Jóna Sigurðardóttir, Forstjóri MMS

Hafþór C. Benediktsson, lögfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu var hópnum innan handar fyrir hönd ráðuneytisins.

Til grundvallar mati og tillögum hópsins voru eftirfarandi gögn og kynningar:

Kynningar frá grunnskólum Vestmannaeyjabæjar, Margréti Ármann Skólastjóra og Nönnu Þóru Jónsdóttur Sérkennara frá Lindaskóla í Kópavogi, Skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar, Dr. Hermundi Sigmundssyni, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Vestmannaeyjabæ. Önnur gögn og ráðgjöf sem var litið til voru handbók verkefnisins og rannsóknaráætlun, matstæki og vísindagreindar, niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni, ráðgjöf og verkferlar um vísindalegt vinnulag, spurningakönnun til foreldra í Vestmannaeyjum og niðurstöður úr matsferli og upplýsingum frá Bókasafni Vestmannaeyja.

Kveikjum neistann verkefnið

Kveikjum neistann er skólaþróunarverkefni með það markmið að efla skólastarf, bæta líðan og árangur barna í grunnskóla. Samhliða verkefninu er menntarannsókn sem hugsuð er til tíu ára þar sem árgangi er fylgt út grunnskólagönguna, frá 1. - 10. bekk og árangur metinn. Verkefnið hófst í Vestmannaeyjum árið 2021 og Lindaskóli í Kópavogi innleiddi það árið 2024 en það byggir m.a. á náinni samvinnu fræðimanna og fagfólks í þátttökuskólunum við þróun og innleiðingu. Hér er stutt samantekt á helstu þáttum verkefnisins eins og þeir voru kynntir af stjórnendum Grunnskóla Vestmannaeyja og Lindaskóla í Kópavogi og Dr. Hermundi Sigmundssyni.

Markmið og nálgun

Verkefnið snýst um að byggja upp skólastarf sem:

- eflir grunnfærni nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði,
- styrkir áhugahvöt og seiglu nemenda,
- byggir á gróskuhugarfari og jákvæðum væntingum,
- stuðlar að samfelldri og markvissri vinnu með stuðningi stjórnenda, kennara og foreldra,
- leggur áherslu á mikilvægi beinnar kennslu, mælinga og eftirfylgni.

Verkefnið byggir ekki á breytingum á kennsluaðferðum heldur er verið að leggja áherslu á að efla stuðningskerfi fyrir nemendur til að ná tökum á grunnfærni, skipulagi skóladagsins er breytt og markviss eftirfylgni er með hverjum nemanda. Notast er áfram við viðurkenndar kennsluaðferðir innan ramma aðalnámskrár grunnskóla.

Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á markvisst námsmat og þróun mælitækja sem tengjast lykiláherslum verkefnisins. Þróun matstækja fer fram samhliða þróun verkefnisins og lögð er áhersla á að búa til matstæki fyrir lestur, stærðfræði, líðan og hreyfifærni nemenda. Einnig er unnið markvisst með hugarfar nemenda og matstæki þróuð tengt því.

Dr. Hermundur Sigmundsson, prófessor við NTNU í Noregi, hefur yfirumsjón með rannsóknarhluta verkefnisins. Hann starfar í samstarfi við vísindamenn á sviði náms- og færniþróunar.

Grunnkenningar verkefnisins

Verkefnið byggir á vísindalegum grunni og eftirfarandi meginhugmyndum:

- Endurtekning skapar meistarann.
- Markviss þjálfun og eftirfylgni með jákvæðri styrkingu.
- Réttar áskoranir í samræmi við færni hvers nemanda.
- Gróskuhugarfar, ástríða og þrautseigja.
- Skapandi skrif sem þema í gegnum öll skólaár.

Lykilmarkmið verkefnisins

Lestur og skrif

- 80–90% barna verði fulllæs við lok 2. bekkjar.
- Unnið er með réttar áskoranir og áhugahvöt í gegnum lestrarval og góðar bækur.
- Nemendur verði framúrskarandi í skapandi skrifum og framsögn.

Stærðfræði

- Áhersla er á færni í reikniaðgerðunum fjórum, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.
- Nemendur byggja jafnframt upp djúpan og traustan skilning á grunnhugtökum stærðfræðinnar.

Náttúrufræði

- Nemendur öðlist ástríðu og forvitni gagnvart náttúru og umhverfi.
- Unnið er að því að byggja upp góðan grunn undir áframhaldandi nám í raungreinum.

Hreyfing

- Hreyfing er hluti af hverjum degi og unnið að aukinni hreyfifærni, hreysti og einbeitingu.

Áhugahvöt og hugarfar

- Unnið er með gróskuhugarfar með það að markmiði að hvert barn finni sína eigin ástríðu fyrir námi.
- Hugtök á borð við hugrekki, seiglu, kjark og sjálfsaga eru tekin fyrir mánaðarlega.
- Leitast er við að styðja hvert barn til að finna sína eigin ástríðu og efla þannig innri áhugahvöt þess.

Ný nálgun á skóladeginum

- Skóladagurinn hefur verið einfaldaður, hreyfing snemma dags og alla daga.
- Mikil áhersla er á grunnfærni í öllum námsgreinum.
- Marviss þjálfun og eftirfylgni
- Skóladagurinn inniheldur:
 - Grunnfög fyrir hádegi, ekki lengri en 40 mín hver tími.
 - Hreyfing er skipulögð snemma dags og alla daga.
 - Þjálfunartíma (4-5 sinnum í viku – í íslensku og stærðfræði) með nemendaskiptingu eftir færni nemenda á hverjum tíma. Aukakennari bætist við í þjálfunartímum
 - Ástríðutíma (3-4 sinnum í viku í lok skóladags) þar sem nemendur velja viðfangsefni eftir áhuga, t.d. forritun, listir, skák, tónlist o.fl..
 - Föstudagsslit þar sem allir bekkir enda vikuna með söng og/eða dansi.

Foreldrasamstarf

- Aukin áhersla er lögð á markviss samskipti við foreldra, sérstaklega um heimalestur, nám og áhugahvöt.
- Lögð er áhersla á að foreldrar fái góðar og reglulegar upplýsingar um námsstöðu barna sinna.

Námsmat og mælitæki

Lestur

- 1. bekkur: Bókstafa- og hljóðapróf (staðlað norsk próf þýtt yfir á íslensku, einnig orð og setningar).
- 2.–3. bekkur: LÆS 2 og LÆS 3 – (stöðupróf)
- 4. bekkur: Mælingar á lesskilningi og ritun með ritunarramma til hliðsjónar.

Stærðfræði

- Áhersla er á grunnfærni og unnið eftir skýrum matsramma fyrir hvern árgang.
- Vörður (skimunarpróf) eru framkvæmdar í maí til að mæla stöðu nemenda.
- Foreldrar fá skýra yfirsýn yfir framfarir og stöðu barna sinna.

Náttúrufræði

- Vörður og skimunarpróf eru í þróun.

Aðrar skimanir

- Hreyfipróf í hreysti og hreyfifærni.
- Könnun á gróskuhugarfari, ástríðu og þrautseigju.

Næstu skref í þróun

- Umgjörðin í kringum 1.–3. bekk er tilbúin og hefur verið innleidd.
- Þróun matstækja og ramma stendur yfir fyrir 4.–6. bekk.
- Mikil áhersla er lögð á að þróa áreiðanleg matstæki og auka samanburð.
- Markmið er að byggja upp lærdómssamfélag milli skóla – sbr. samvinnu GRV og Lindaskóla.
- Unnið er áfram að þróun og útgáfu ritrýndra fræðigreina: Þrjár greinar eru þegar birtar, fjórar eru í ritrýni og fleiri í undirbúningi.

Staða

Almenn ánægja er meðal skólastjórnenda Grunnsskóla Vestmannaeyjabæjar og Lindaskóla í Kópavogi og bæjarstjórn Vestmannaeyja með Kveikjum neistann skólaumbótarverkefnið. Þörf er á að þróa fleiri og betri matstæki og styrkja rannsóknargrunn verkefnisins frekar.

Læsis­mælingar og samræmt námsmat

Á síðustu árum hafa skólastjórnendur í Vestmannaeyjum framkvæmt og tekið saman læsis­mælingar nemenda í verkefninu. Niðurstöðum nemenda sem er núna komin í fjórða bekk var komið á framfæri við spretthópinn og voru:

- Samanburður á LÆS 2: 83% læs á móti 52% í samanburðarhópi 20 skóla á Íslandi
- Samanburður á LÆS 3: 91% læs á móti 65% í samanburðarhópi 15 skóla á Íslandi
 - Athugist að komið hefur fram gagnrýni að framangreind matstæki hafi ekki fengið óháða ritrýni og fullnægjandi réttmætisathuganir.
 - Markmið er að 80% barna sé læs eftir 2. bekk samkvæmt skilgreiningum LÆS 2 mati. Það gekk vel í fyrstu tveim árgöngunum, en slakari árangur náðist í þriðja árgangi.

Vorið 2025 fékk Miðstöð menntunar og skólaþjónustu nemendur úr 26 skólum á Íslandi til að staðla og prufukeyra matsferil. Tilgangurinn var liður í uppbyggingu nýs matskerfis sem stofnunin er að taka í notkun sem og staðla próf í lesskilningi og stærðfræði. Niðurstöður 4. bekkjar GRV 2025, voru í kringum meðaltöl áranna 2007–2024 í lesskilningi og stærðfræði. Enginn marktækur munur kom fram í samanburði við landsmeðaltöl.

Áskoranir í framkvæmd

Erfitt hefur reynst að finna nægt efni í þjálfunartíma og hafa kennarar þurft að útbúa sjálfir mikið af námsefninu. Áhersla er á að nemendur nái góðum tókum á grunnfærni áður en haldið er áfram. Því er sífellt verið að meta og aðlaga hraða yfirferðar innan skólanna. Ekki er enn komið nægilegt magn af mælingum og matstækjum. Enn vantar fleiri og betri samanburðarhópa til að styðja við mat á áhrifum verkefnisins. Rannsóknarhlutinn er einungis búin með fjögur ár af tíu.

Félagstengsl og samfélagsþátttaka

Niðurstöður tengslakannana sýna að félagstengsl nemenda hafa aukist frá því verkefnið hófst. Ekki liggur fyrir hvað nákvæmlega veldur þeirri aukningu.

Skólastjórnendur bæði í GRV og Lindaskóla tala um meiri þátttöku og áhuga foreldra á námi barna sinna. Yfir starfstíma spretthópsins var send út foreldrakönnun af stjórnendum GRV á foreldra nemenda í fjórða bekk sem er rannsóknarhópurinn. Í árganginum eru 52 nemendur en 38 foreldrar svöruðu könnuninni. Þar kom fram að 100% foreldra sem svöruðu segjast ánægð með Kveikjum neistann verkefnið og að 66% foreldra sem svöruðu og eiga einnig börn sem hafa ekki tekið þátt í KN verkefninu sögðust finna mun. Opin svör voru leyfð til að skýra muninn og voru þau margvísleg. Meirihluti svara voru jákvæð, áberandi var ánægja með les- og hreyfiáherslur og ástríðutíma. Þá taldi

87% foreldra sem svöruðu samtals sig hafa fengið nægar, miklar eða mjög miklar upplýsingar um þróunarverkefnið frá skólanum.

Bæjarbókasafnið hóf samstarf með grunnskólanum sem miðaði að því að flokka bækur eftir þyngdarstigi og áhugasviði og réðst í kjölfarið í margvísleg lestrarátök sem hafa skilað vaxandi fjölda skráninga í sumarlestur og útleigu. Bókasafn Vestmannaeyja skilaði inn gögnum sem sýna að þátttaka barna í sumarlestrarátaki fór úr 42 börnum árið 2018 í 180 árið 2023.

Farið var yfir niðurstöður úr Íslensku Æskulýðsrannsókninni hjá fjórða bekk í Vestmannaeyjum árið 2025. Þar kom m.a. fram:

- Aukning á fjölda nemenda sem svara því að þau hafa gaman að lesa í frítíma í fjórða bekk frá 64% árið 2023 í 77% árið 2025.
- Aukning á fjölda nemenda sem svara því að þau hafa gaman í skólanum í fjórða bekk frá 64% árið 2023 í 77% árið 2025.
- Fækkun á fjölda nemenda sem svara því að þau séu oft þreytt í skólanum í fjórða bekk frá 24% árið 2023 í 11% árið 2025.
- Aukning á fjölda nemenda sem svara því að þau telja mikilvægt að leggja sig fram í námi í fjórða bekk frá 86% árið 2023 í 98% árið 2025.

Mat spretthóps

Ánægja kom fram með skólaþróunarverkefnið frá skólastjórnendum í Vestmannaeyjum og Kópavogi og frá Vestmannaeyjabæ og áhersla lögð á að verkefnið Kveikjum neistann er heildstætt skólaþróunarverkefni sem nær yfir marga þætti. Spurningakönnun til foreldra sýndi jákvæða upplifun af verkefninu. Þátttökuskólar lýsa yfir ánægju og vilja halda áfram með verkefnið.

Spretthópnum er ófært á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja að leggja faglegt og vísindalegt mat á rannsóknarverkefnið sem sýnir fram á orsakasamhengi hvað árangur varðar. Í samræmdu mati MMS kemur ekki fram munur á árangri nemenda í fjórða bekk í Vestmannaeyjum í lesskilningi eða stærðfræði árið 2025 í samanburði við meðaltöl fyrri ára. Samstaða er um að færa styrkari stöðir undir matstæki og rannsókn.

Tillaga: Styrkja þarf rannsóknarhluta verkefnisins og innleiða fleiri matstæki með óháðum aðilum ásamt því að tryggja viðeigandi stuðning við þá skóla sem eru í verkefninu.

Kveikjum neistann rannsóknarverkefnið er núna á fjórða ári af tíu. Það er mat spretthópsins að áfram þurfi markvisst að styrkja rannsóknarhluta þess, efla samanburðarrannsóknir og tryggja að til staðar séu þau gögn og matstæki sem færi skýra og óháða sýn á árangur verkefnisins og orsakasamhengi árangurs.

Lagt er til að áhugasamir skólar geti tekið þátt í þróun verkefnisins og mati á árangri þess með stuðningi óháðra aðila á meðan verið er að búa til og styrkja rannsóknarhluta utan um verkefnið.

Lagt er til að Kveikjum neistann hópurinn fái aukinn stuðning, m.a. frá rannsóknaraðilum og óháðum aðilum að frekari eflingu verkefnisins í samræmi við ofangreint og gæti m.a. falist í aðgangi að viðurkenndum mælitækjum, meiri samanburði við sambærilega hópa innanlands og próffræðilegri ráðgjöf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

- Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri Hamarsskóla í Vestmannaeyjum
- Einar Gunnarsson, skólastjóri Barnaskólans í Vestmannaeyjum
- Helga Sigrún Þórsdóttir, deildastjóri fræðslu- og uppeldissviðs í Vestmannaeyjum
- Ingunn Ásta Sigmundsdóttir, sérfræðingur í grunnskólamálum Reykjavíkurborgar
- Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja
- Tryggvi Hjaltason, formaður og fulltrúi ráðherra
- Þórdís Jóna Sigurðardóttir, Forstjóri MMS

Kristján Ketill Stefánsson, doktor í kennslufræðum hjá Háskóla Íslands, skilar séráliti.

Viðauki – Innsýn sveitarfélaga

Menntun barna og ungmenna er sameiginlegt verkefni samfélagsins alls. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91 frá 2008 er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Þau bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum þeirra, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Barna- og menntamálaráðuneyti fer með málefni skóla og fræðslu, æskulýðs- og íþróttamál, velferðarmál barna og barnavernd. Nám á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi heyrir undir fagskrifstofur ráðuneytisins – svo og námsmat, námsgögn og námskrárgerð á þeim skólastigum. Grunnskólar hafa faglegt sjálfstæði, það er ákvörðun skólastjóra hverju sinni hvort og hvenær skólaþróunarverkefni eru innleidd í skólastarf þess skóla sem viðkomandi stýrir. Mikilvægt er að stuðla að og efla grósku í skólastarfi, að sveitarfélög og skólar innan þeirra taki þátt í að þróa, innleiða og meta árangur skólaþróunarverkefna. Mikilvægt er að tryggja þróunarverkefnum það fjármagn sem til þarf til að innleiðing nái fram að ganga. Má þar nefna fjármagn frá ríki, sveitarfélagi eða úr sjóðum með styrkveitingu. Hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytisins er að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi. Barna- og menntamálaráðuneyti lagði til í skýrslu árið 2021 um ráðstöfun fjármuna í skóla fyrir alla. Þar eru nokkrar tillögur sem vert er að skoða, m.a. að skólar verði studdir til markvissrar skólaþróunar og að sveitarfélög komi sér uppi betri leiðbeinandi gæðastjórnun. Sjá nánari umfjöllun hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/09/Skyrsla-um-radstofun-fjarmuna-i-grunnskolum/>

Sérálit Kristjáns Ketils Stefánssonar, doktors í kennslufræðum hjá Háskóla Íslands og fulltrúa Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, vegna mats á árangri, tækifærum og möguleikum á þróun verkefnisins *Kveikjum neistann* í þágu barna á Íslandi

Samkvæmt þeim gögnum sem kynnt voru spretthópnum þá er ánægja með skólaþróunarverkefnið *Kveikjum neistann* hjá aðstandendum barna í Vestmannaeyjum. Yfirlýsingar frá skólastjórnendum og kennurum gefa einnig til kynna ánægju með verkefnið. Upphafleg skipan spretthópsins var með þeim hætti að fimm fulltrúar af sjö tengdust verkefninu með beinum hætti: tveir skólastjórnendur og kennsluráðgjafi úr þátttökuskólanum, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum og foreldri úr Vestmannaeyjum sem jafnframt var skipaður af ráðherra sem formaður spretthópsins. Tveir óháðir fulltrúar voru í upphaflega hópnum. Einn fulltrúi kom frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og einn fulltrúi frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Eftir formlega athugasemd frá Háskóla Íslands var forseta Menntavísindasviðs gert mögulegt að tilnefna einn fulltrúa til viðbótar í hópinn. Þegar kom að lokum vinnunnar varð ljóst að ekki var samstaða um að greina á sama hátt frá þeim staðreyndum sem hægt var að lesa úr þeim gögnum sem bárust hópnum. Af þeim sökum klofnaði hópurinn og úr varð það sérálit sem hér fylgir.

Eftir að ljóst var á síðasta degi vinnunnar að fulltrúar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu myndu ekki fallast á álit meirihlutans og skila sérálitum fór formaður spretthópsins fram á við ráðuneytið að spretthópurinn starfaði lengur. Fulltrúi Menntavísindasviðs í spretthópnum taldi fullreynt að ná samstöðu um hvernig greina skyldi frá þeim staðreyndum sem fyrir hópnum lágu og skilaði því séráliti sínu á þeim tíma sem spretthópnum var gefinn í upphafi samkvæmt skipunarbréfi.

Óháð mat er ein af sjö forsendum þess (sjá umfjöllun hér á eftir) að hægt sé að fullyrða um að verkefnið *Kveikjum neistann* skili árangri umfram hefðbundið skólastarf. Nýfengið og réttmætt mat á stöðu barna í lesskilningi og stærðfræði frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu gefur skýrt til kynna að ekkert tilefni er til að ætla að skólaþróunarverkefnið skili árangri umfram hefðbundið skólastarf. Ákvörðun rannsakenda *Kveikjum neistans* um að sneiða hjá valkvæðu og réttmætu mati á lesfimi hjá innleiðingarhópnum á innleiðingartímabilinu með notkun Lesferils er gagnrýniverð. Lesfimimælingarnar hefðu gefið tækifæri á nákvæmum samanburði á framförum barnanna í innleiðingarhópnum við önnur börn á Íslandi. Fullyrðingar rannsakenda *Kveikjum neistans* um skaðleg áhrif lesfimimælinga á áhugahvöt barna eiga sér enga stoð í vísindarannsókum. Þvert á móti er nákvæm og kerfisbundin endurgjöf á framfarir einstaklinga forsenda þess að hægt sé að byggja upp tengslin milli þjálfunar og framfara og efla þannig áhugahvöt nemenda. Fullyrðingum um árangur sem tengjast niðurstöðum tengslakönnunar og mælinga á vegum

rannsóknarverkefnisins *Kveikjum neistans* er ekki hægt að taka afstöðu til þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um framkvæmd þeirra mælinga og réttmæti þeirra mælitækja sem notuð voru.

Almennt þurfa rannsóknir á skólaþróunarverkefnum að uppfylla sjö skilyrði til að hægt sé að fullyrða að verkefnin skili árangri umfram hefðbundið skólastarf. Þessi skilyrði eru listuð upp hér að neðan ásamt mati á því hvernig rannsóknin á árangri *Kveikjum neistans* uppfyllir þessi skilyrði.

1. Ritrýndar rannsóknir

Verkefnið þarf að hafa verið rannsakað og niðurstöður um árangur birtar í ritrýndum fræðigreinum þar sem niðurstöður eru metnar af óháðum sérfræðingum. *Vísað hefur verið til þriggja ritrýndra greina verkefninu til stuðnings. Engin þessara greina sýnir fram á árangur af verkefninu umfram hefðbundið skólastarf.*

2. Endurtekinn árangur

Verkefnið þarf að hafa sýnt jákvæð áhrif á nám nemenda í mörgum ólíkum rannsóknum og aðstæðum, ekki aðeins í einu tilviki eða einum skóla. *Kveikjum neistann er enn sem komið í þróun í tveimur skólum, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á jákvæð áhrif á nám nemenda.*

3. Samanburðarhópar

Rannsóknir á verkefninu þurfa að fela í sér samanburð við aðrar aðferðir eða viðmiðunarhópa til að sýna fram á betri árangur. *Samanburður á verkefninu hefur til þessa verið punktstaða sem gerir ómögulegt að meta árangur verkefnisins fram yfir aðrar aðferðir þar sem grunnlína hópanna liggur ekki fyrir.*

4. Skýr lýsing á framkvæmd verkefnisins

Verkefnið þarf að vera vel skilgreint og lýst þannig að aðrir geti endurtekið verkefnið með sambærilegum árangri. *Upplýsingar um lestarátök frá bókasafni og aukna stoðþjónustu sveitarfélags eru ekki skilgreind sem hluti af verkefninu sem gerir ómögulegt að aðskilja upptök mögulegra áhrifa.*

5. Mælanleg áhrif

Áhrif verkefnisins á líðan og námsárangur þurfa að vera mælanleg með viðurkenndum og áreiðanlegum mælitækjum. *Mælitæki rannsóknarinnar eru búin til af rannsakendum sjálfum og hafa ekki fengið óháða ritrýningu. Engar próffræðilegar upplýsingar liggja fyrir um áreiðanleika og réttmæti mælitækjanna í íslensku samhengi og geta þau því ekki talist viðurkennd.*

6. Óháð mat

Mat á árangri verkefnisins þarf að vera framkvæmt af óháðum aðilum, ekki aðeins

þeim sem þróuðu eða innleiddu verkefnið. *Mat á árangri hefur enn sem komið er ekki verið framkvæmt af óháðum aðilum. Telja má mikil sóknarfæri fyrir verkefnið að nýta sér vísindalega viðurkennt, reglubundið og réttmætt mat með notkun Matsferils Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.*

7. Fræðilegur rökstuðningur

Aðferðin þarf að byggja á kenningum og fyrri rannsóknum sem styðja við virkni hennar. *Rannsóknaráætlun verkefnisins uppfyllir ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til rannsóknaráætlanna við umsóknir í samkeppnissjóði. Sem dæmi má nefna að engar fyrri rannsóknir er að finna í rannsóknaráætluninni þar sem sýnt er fram á árangur áþekkra skólaþróunarverkefna fram yfir hefðbundið skólastarf. Umsókn með slíkri rannsóknaráætlun yrði umsvifalaust hafnað við óháða ritrýni í samkeppnissjóðum.*

Í ljósi ofangreinds setur fulltrúi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í spretthópnum fram eftirfarandi tillögu:

Gera þarf frekari rannsóknir sem sýna fram á árangur verkefnisins, þar sem byggt er á óháðu mati, viðurkenndum mælitækjum, samanburði við sambærilega hópa og endurteknum árangri. Mat á árangri er forsenda þess að hægt sé að mæla með því að verkefnið verði tekið upp í öðrum skólum. Lagt er til að aðstandendur *Kveikjum neistans* vinni með óháðum aðilum að ofangreindum úrbótum á rannsókninni. Þar sem að rannsóknaráætlun verkefnisins uppfyllir ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til umsókna í samkeppnissjóðum er mælt með því að frekari opinberir fjármunir verði ekki veittir til rannsóknarverkefnisins nema að undangenginni óháðri ritrýni líkt og krafa er gerð um við rannsóknir á öðrum skólaþróunarverkefnum í almennum rannsóknarsjóðum.